

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|--------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 16.8.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Skeljungur | Eftirlitsmaður | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili | Borgartún 26 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5902691749 | Flokkur | Olía |
| Fulltrúi fyrirtækis | Aðalsteinn Árnason | ÍSAT nr. | 51.51.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 733381,426 538446,438 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi voru skráð í eftirlitinu. Ein athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Seyðisfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók var í lagi.

Árleg mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar hefur ekki verið framkvæmd.

Geymar og lagnir í olíubirgðastöðinni í góðu lagi. Allir geymar botnþykktarmældir árið 2008 og einu lagnirnar í stöðinni eru innðælingarlagnir fyrir geymana og lagnir sem liggja út í dæluhús við hlið áfyllingarplans. Allar lagnir eru á lofti og auðvelt að framkvæma sjónskoðun á þeim.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró), olíuskilja og fráveitumál. **Loki í frárennsli frá mengunavarnarpró stóð opinn.**

Enn er hættu á að sjór, sandur og mól flæði inn á áfyllingarplan stöðvarinnar á stórstraumsflóði. Búnaður sem kynntur var í eftirliti á síðasta ári hefur ekki verið notaður eftir að í ljós kom að vetrarveður með frosti og snjó olli vandamálum. Aðrar lausnir koma þá aftur til greina, s.s. að steypa bryggjukantinn og steypa eða malbika það malarsvæði sem sjávangangur nú þeytir upp á áfyllingarplanið.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|-------------------------|---|
| grein 3.2 í starfsleyfi | Að minnsta kosti árlega skal mæla olíu í fráveituvatni. |

| | |
|-------------------------|--|
| grein 2.4 í starfsleyfi | Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða búnir sjálfvirkum lokum fyrir olíu. |
|-------------------------|--|

ATHUGASEMDIR

Vegna þess hve olíubirgðastöðin stendur lágt kemur það fyrir að sjór flæði inn á áfyllingarplanið með auknu álagi á olíuskilju stöðvarinnar. Sandur og mól berst ofan í olíuskiljuna.

Bregðast þarf við því með auknu eftirlit og þjónustu við sandfang og olíuskilju og svo úrbótum við bryggjukant.

Reykjavík, 07.10.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

